Kvennablaðið kostar 2 kr. innanlands erlendis kr. 2 60 (90 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

22. ár. | Reykjavík, 31. ágúst 1916. | № 8.

Fyrstu kröfurnar.

I.

Þegar við konurnar förum nú í haust að nota atkvæðisrétt okkar og kjósa þingmennina, sem eiga að ráða lögum og lofum í landinu um næstu 6 árin, þá vaknar eðlilega þessi spurning hjá okkur: Hverjar verða *fyrstu kröfurnar* sem við konurnar gerum til þingmannanna sem við ætlum að kjósa? Það verðum við allar að hafa gert okkur ljóst.

Því þótt við séum nokkur hluti þjóðarinnar, bundnar og tengdar hinum hlutanum sterkum skyldleika og venslaböndum, og hafandi sameiginleg áhugamál með honum, þá erum við þó líka sérstakt kyn, með sérstökum eðlis eiginleikum, sem hingað til hefir aldrei verið tekið tillit til.

Við höfum líka hingað til verið atkvæðislausar og fullrúalausar í þinginu, og því jafnan átt þar »formælendur fá«. Þessa höfum vér goldið. Okkar hagsmunir hafa ætíð setið á hakanum.

Karlmennirnir hafa skipað og skapað oss stöðurnar. En undirbúningurinn til þeirra hefir enginn verið. Og nú, þegar farið er að ljúka upp dyrunum að atvinnumarkaðinum, þá komum við til þeirra alveg óundirbúnar. Fávísar og vankunnandi í öllum efnum.

Þetta er því tilfinnanlegra sem vér höfum nú fengið réttinn til allra sýslana og embætta í landinu, »með sömu skilyrðum og karlmenn«. En — það eru einmitt þessi skilyrði sem oss vanta: Uppeldið, fræðsluna, og þekkinguna í öllum efnum.

Aðrar þjóðir eiga margar konur, sem standa karlmönnum jafnfætis bæði í vísindalegri þekkingu og þjóðfélagslegri. Þær geta ekki einungis kept um margskonar stöður og embætti við karlmenn, heldur geta þær tekið að sér forgöngu kvenna, í öllum þeirra sérmálum, og staðið á verði fyrir þær.

Hér höfum við fáum eða engum slíkum konum á að skipa. Við erum alveg í ráðaleysi ef við viljum fá fyrirlestra um einhver almenn efni, eða almenn þjóðfélagsmál. Allt slíkt verðum við að sækja til karlmannanna, jafvel um uppeldismál og fræðslumál barna og unglinga, getum við ekki fengið nokkura konu til að halda fyrirlestra um, þrátt fyrir það að konur eru víst orðnar í meiri hluta við alþýðufræðsluna hér á landi.

Fyrsta krafa vor til þings og þjóðar verður því: *Meiri fræðslu handa konum í öllum efnum, og meiri og hagkvæmari alþýðufræðslu yfirleitt.*

Aðrar þjóðir, einkum stórþjóðirnar, leggja fram ógrynni fjár til alþýðumentunar, og þykjast vinna með því mest að andlegri, siðgæðislegri og efnalegri velferð þjóðarinnar. Allir menn verða að geta fengið tækifæri til að geta aflað sér fræðslu í þeim efnum, sem menn þurfa að þekkja eða hafa áhuga fyrir. Þeir verða að hafa átt kost á fræðslu í hverja stöðu, sem þeir kynnu að vilja taka að sér, hvert sem það eru embætti eða þjóðfélagsleg störf og sýslanir.

Eftir því sem tímarnir breytast, og lífnaðarhættirnir, koma fram fleiri og margbreyttari atvinnugreinar og lífsskilyrði, sem aftur krefur meira eftirlits og umsjónar frá ríkinu og sveita og bæjafélögunum, þannig skapast nær árlega nýjar stöður, sem áður voru ekki til. Í þær eru svo einhverjir menn skipaðir. En engin skilyrði eru þá venjulega í byrjuninni til þess að þessir menn geti staðið fullnægjandi í

þeim, af því engin fræðsla hefir verið fyrirskipuð, né til í þeim efnum, þegar þessar stöður voru stofnaðar, og mennirnir því venjulega algerlega óhæfir í þær.

Í borgunum, þar sem þéttbýlið er mest, þarf á mestri eftirlitssemi að halda í ýmsum efnum. Þar hafa ríkin og bæjarstjórnir gert ýmsar fyrirbyggjandi ráðstafanir og sett eftirlitsmenn í ýmsum efnum, t. d. fátækrafulltrúa, heilbrigðsfulltrúa, byggingarfulltrúa, eftirlitsmenn eða umsjónarmenn við verksmiðjur og annan stóriðnað, eftirlitsmenn með heimilisiðnaði og atvinnuskrifstofum til þess bæði að fyrirbyggja atvinnuleysi og afleiðingar þess. Sömuleiðis eru bæjarstjórnirnar farnar að setja á fót almennar húsnæðisskrifstofur, og reglubundið eftirlit með minni íbúðunum. Fátækrafyrirkomulaginu er farið að breyta í betra horf og loks er farið að gera gangskör að því að bæta meðferð á ungbörnum og uppeldi og meðferð verkalýðsins yfir höfuð.

En allar þessar stóru og ólíku þjóðfélagslegu breytingar heimta margháttaða þekkingu og vinnu.

Til þess verða ríkin og bæja- og sveitafélög að setja margskonar starfsmenn. Af þeim verður aftur að heimta, ekki einungis persónulega hæfileika og áhuga fyrir ýmsum þjóðfélagsstörfum, heldur einnig margháttaða fullkomna þekkingu bæði bóklega og verklega, sem á við hvert af þeim störfum, og við það verða erfiðleikarnir meiri að fá hæfa starfskrafta í allar þessar ólíku sýslanir. Því hefir í flestum löndum, einkum þeim stærri, verið gerðar ýmsar ráðstafanir til að koma á fót heppilegri fræðsu í þessum efnum, stundum að tilhlutun einstakra manna, en oftast aðallega að tilhlutun ríkisins, og bæjarfélaganna, til þess að fá vel hæfa þjóðfélagslega starfskrafta í þessar margháttuðu sýslanir.

Þannig eru t. d. í Englandi margsháttar þjóðfélagslegar fræðslustofnanir, ýmist sérstakar, eða í sambandi við helstu háskólana. Kenslan við þessar námsstofnanir er bæði munnleg og verkleg og miðar til að undirbúa:

1. Eftirlitsmenn heilbrigðis, bústaða og iðnaðar.
2. Aðstoðarmenn handa bæjarstjórnum, og við atvinnuskrifstofur.
3. Fólk sem gefur sig við að standa fyrir fátækrahælum, góðgerðastarfsemi, eða annari starfsemi þjóðfélaginu til velferðar.
4. Stjórnara iðnfélaga, hlutafélags kaupskapar o. s. frv.

Munnlega og bóklega fræðslu í bæjarfélagsstjórn og starfsemi, í iðnaðarlöggjöf, heilsufræði og meðferð líkamans, sömul. í þjóðmegunar-heimspeki, og hagfræði. Samhliða fyrirlestrum í þessum efnum, eru nemendurnir látnir skoða ýmsar almennar stofnanir í þessum efnum, t. d. iðnskóla, skóla handa andlega eða líkamlega fötluðum, betrunarstofnanir fyrir börn, barnagarða, sjúkrahús, fátækrahæli, barnaheimili, verksmiðjur, heimilisiðnaðarstofnanir, atvinnu-skrifstofur og íbúða og iðneftirlitsskrifstofur.

Aðalhagsýniskenslan fer fram að nokkru leyti í þessum síðasttöldu skrifstofum, og að nokkru leyti í hjálparskrifstofum borganna og góðgerðafélaganna. Þar taka nemendurnir þátt í allri skriflegri vinnu, t. d. að setja upp embættisbækur, skrásetning, bréfaskriftir o. s. frv.

Bæði bóklega og munnlega námsskeiðinu, ásamt praktizka náminu, er ætlast til að sé lokið á einu ári. En ef óskað er eftir vitnisburði þá stendur það í tvö ár.

Í Pýzkalandi er séð um að þessir þjóðfélagslegu starfsmenn fái sérlega góða fræðslu, sem er *sameiginleg fyrir konur* og *karla*. Námskeiðin eru nokkuð misjöfn bæði að lengd og fyrirkomulagi. Þannig er t. d. í Frankfurt am Main kenslustofnun, með 2.—3. ára námskeiði, með 30 kenslustundum á viku. Fræðslan tekur yfir allar greinar af þjóðfélagsstarfsemi og er bæði bókleg og munnleg, og hagsýn, eða verkleg. Munnlega kenslan er um heilsufræði og þrifnað, uppeldisfræði, ríkis- og umboðsfræði, fátækrastjórn og stjórn barnahæla, skrifstofustörf, og samhliða þessu

eru heimsóknir í öllum slíkum almennum stofnunum. Í Frankfurt am Main er, líka árlega haldið 2. mánaða námskeið í iðnþrifnaði til undirbúnings handa iðnaðareftirlitsmönnum, sjúkrasamlagslæknum og fólki, sem hetði áhuga fyrir hinum ýmsu teknisku atriðum, í fjölmörgum ólíkum atriðum iðnþrifnaðarins. Þessum námskeiðum eru líka samfara heimsóknir í iðnaðarstofnanir, almennar velferðarstofnanir, þrifnaðarskóla, sjúkrahús o. s. frv.

Auk þessa eru í Þýzkalandi líka til þjóðfélagslegir skólar *einungis handa konum*. Í þessum skólum geta konur fengið undirbúning undir öll þjóðfélagsleg störf, hvort sem heldur vera skyldi sjálfboðaliðar, í góðgerðarstarfsemi, og þjóðfélagsstörfum, eða í launaðar stöður sem forstöðukonur, eða skrifarar í þjóðfélagslegum stofnunum og félögum.

Þessi námskeið standa í tvö ár. Fyrra árið á að vekja áhuga fyrir praktískri þjóðfélagsstarfsemi, og þjóðfélagsmálum, og verða grundvallar undirbúningur undir þjóðfélagslega starfsemi. Námsgreinarnar eru: Uppeldisfræði, þrifnaðar- og heilsufræði, hagfræði, félagsfræði, ásamt lestri í þjóðfélagslegum uppeldis-fræðibókum, verklegar æfingar fylgja í ýmsum heimilisiðnaði, barnagarða vinnu, ásamt hússtjórn og heimilisstörfum. Síðara árið er kend hagfræði, félagsfræði, uppeldisfræði, þjóðfélagsleg heilsu- og þrifnaðarfræði, þjóðfélagsleg siðfræði, þá eru og skýrð hin ýmsu verkefni og tilgangur þjóðfélagsstarfseminnar, kend fátækrastjórn og umsjón fátækrahæla, saga fátækrastjórnarinnar o.s.frv. Sömuleiðis fer þar fram bókleg og munnleg kensla um uppeldi og fóstrun unglinganna. Samhliða þessu námi fara fram heimsóknir í almennar góðgerðastofnanir eða einstakra manna, verkakvenna heimili, barnaheimili, fátækrahæli o. s. frv.

Kosningarnar 5. ágúst.

Þær eru nú um garð gengnar en geta því miður, engum kjósendum talist til sæmdar, því það verður þó aldrei talin sæmd að selja sín dýrustu réttindi fyrir einn matarskamt. Ýmsir hafa afsakað sig með því að kosningardagurinn væri óheppilega valinn, því skal heldur ekki neitað, að undarlegt virðist að velja kosningardaginn um mestu sláttarannirnar. En — einu sinni á sex árum ættu menn þó að gefa sér tíma til að sækja kosningarnar, sem flestar siðaðar þjóðir telja sinn dýrasta rétt, sem þær hafa oft keypt með harðri baráttu, og jafnvel uppreist og blóði.

Margir munu segja að vér konur höfum við þetta tækifæri sannað það, sem ýmsir hafi haldið fram að konur gæfu ekkert um þessi réttindi. Nú, í fyrsta sinni sem vér hefðum getað notið þeirra hefðum vér ekki hirt um það. Flestar af oss hefðu setið heima og ekki hreyft legg eða lið.

Því miður er þetta satt. Fæstar þeirra kvenna, sem kosningarrétt hafa, hafa notað hann í þetta sinn. En til þess liggja margar ástæður. Fyrst hin alkunna deyfð, sem nú er yfir öllum stjórnmálum. Menn vita ekkert upp á *hvað* er kosið. Engin mál liggja fyrir, sem vakið geti áhuga almennings. Þetta hefir sömu áhrif á konur og karla. Þá eru annríkis ástæðunnar, þær eru enn þá ríkari fyrir konur en karla á sumrin. Auk þess má telja óvíst að verkakonur fengju leyfi húsbænda sinna til að fara á virkum heyskapardögum þótt þær vildu. Og fari húsbændurnir ekki, þá er auðvitað að aðrir á heimilunum fara heldur ekki.

Í þriðja lagi héldu margar fátækar gamlar konur að þær hefðu ekki kosningarrétt, af því þær væru orðnar ofgamlar, eða greiddu engin sveitagjöld. Þær trúa því ekki að þær hefðu rétt til að kjósa til alþingis án þess, þegar þær hefðu það ekki til bæjarstjórna eða hreppsnefnda. Og

margar voru svo lasburða að þær treystu sér ekki.

Margar af miðaldra konunum, sem kosningarrétt hafa, voru hingað og þangað í alskonar sumarvinnu, og var eðlilegt að þeim gleymdist, í fyrsta sinni er þær áttu að kjósa, að nota sér af þeim réttindum að kjósa heima áður en þær færu, eða útbúa sig með þau skilríki, að þær gætu það í því kjördæmi, sem þær yrðu í kosningardaginn; þetta er eðlilegt og fyrirgefanlegt svona í fyrsta sinni.

En það, sem er í þessu efni algerlega óafsakanlegt, er hirðuleysi allra kaupstaðabúa, sem heima sitja, með að nota sér þessi réttindi, því, þótt menn segi að hér hafi aðeins verið um *menn* að kjósa en engin *mál*, þá er heldur ekki sama hverir *menn* eru kosnir til þingsetu. Það verða allir að gera sér ljóst.

Ýmsir hafa talað um að konur hefðu átt að hafa sérlista, Kvbl. hefir frá upphafi verið því mótfallið að við byrjuðum okkar stjórnmála hluttöku með því. Og eins og kosningarnar hafa nú verið sóttar, megum við þakka okkar góðu hamingju fyrir að hafa ekki gert það. *Það* hefði orðið ógleymanlegur ósigur, og óheillaríkur.

Þá hafa ýmsir fundið það til foráttu að konur voru ekki á öllum listunum. Segja sem satt er, að margir kvenkjósendur vildu gjarna hafa konur í þinginu, en bæði fylgjast konur oft með flokkunum, margar hverjar, og svo getur engin ein kona verið svo vinsæl að hafa fylgi allra kvenna.

Auðvitað er þetta satt. En því miður hafa ekki flokkar þeir, sem sett hafa upp landkosningalistana sett nokkra konu á þá, nema Heimastjórnarflokkurinn, hvert sem það hefir heldur komið af því, að hinir hafa ekki átt völ á nokkurri konu, eða þeir hafa ekki gefið um að vera sér í útvegum um þær.

Nú fer að líða að því að menn fara að vita um kosninga úrslitin, sem búist er við að verði kunn fyrir miðjan september. Enginn getur nú sem stendur, spáð neinu í þær eyður hvernig þau verði. En eflaust getum við konurnar ýmislegt lært af þeim. Og eitt getum við gert: það að vera árvakrari í þessum efnum og skyldurækn-ari við kjördæma kosninguna fyrsta vetrardag í haust. Þá megum við hvorki láta kjötkatla eða slátursþotta halda okkur heima.

Alþýðu-barnafræðsla.

Niðurl.

En eðli og skapferli karla og kvenna er auðvitað ólíkt. Móðureðli konunnar, með sínum næmu tilfinningum, fljótu skapbrigðum og hlýleika, virðist vera sérlega vel fallið til að þroska hjá henni sjálfri einmitt þá hæfileika, sem alveg ósjálfrátt gefa sig í þjónustu barnauppeldisins. Staða karlmannsins, sem fyrirvinnu heimilisins, og þar af leiðandi, að hann neyðist til að leita atvinnu utan heimilisins, hefir þær eðlilegu og óhjákvæmilegu afleiðingar, að foreldratilfinningin verður ekki eins innileg í framkvæmdinni og hjá móðurinni, sem altaf er heima. Þetta er eðlileg afleiðing af þroskun þjóðfélagsins um margar aldir. Með þessu er þó ekki sagt, að ekki séu til karlmenn, sem hafi þessa uppeldislegu hæfileika inst í hjarta sínu. En venjulegt er það ekki. Höf. segist sjálfur hafa vermst við uppeldistilraunir sínar, en verði þó að játa það, að í hagsýnni framkvæmd takist konum venjulega betur, að leiða uppeldi barna og unglinga.

Höf. heldur því ennfremur fram, að af því að launin við alþýðuskólana séu venjulega lág, þá fái karlmennirnir, sem venjulega heimti meira til lífsins viðurhalds, einhver aukastörf, sem eyði tíma þeirra og kröftum. Launin ættu því að vera svo há, að með því væri trygt, að aukastörf þyrftu ekki með kenslu við uppeldisstofnanirnar, til þess að bæta fjárhaginn. Það, að konur lifa einföldu lífi og gera minni kröfur en karlmenn, gerir það

að verkum, að fleiri konur frá mentuðum heimilum taka að sér kenslustörf við alþýðuskóla en karlmenn. Og þótt menn bæði viðurkenni og virði þá, sem sjálfir ná sömu þekkingu og þroska, þá verður hitt þó að álítast mikill ávinningur fyrir skólana.

Eitt atriði í þessu efni, sem ekki verður gengið fram hjá, þegar dæma á hæfileika kvenna, bæði fyrir þessi og önnur störf utan heimilis, er það, að konur oftlega giftast og eignast börn, þegar þær hafa starfað nokkur ár að einhverju. Höf. kannast við, að það geti valdið margskonar erfiðleikum, að hafa þannig tvöföld störf á hendi, en segir þó að lokum:

Eg hefi oftsinnis furðað mig á því, að giftar kenslukonur, með stóran barnahóp á heimilinu, geta þrátt fyrir það stundað öll sín kenslustörf ágætlega. En eg hefi líka þá oft hugsað: Ætti ekki heldur öll þessi umhyggja og kensla að koma niður á þeirra eigin börnum? Þessi spurning er flókin, og þó víða viðeigandi. Hið praktiska lífið lætur okkur hér, sem víða annarstaðar, standa í óvissu. Neitað verður því ekki, að einmitt þegar konan er orðin móðir, þá er hún hæfust til uppeldisstarfanna, sem líka er aðalverk alþýðuskólanna, miklu fremur en að veita þekkingu«.

Þingkosningarnar í Finnlandi

fóru fram 1.—3. júlí sl. Af hinum 200 þingm. náðu 24 konur kosningu. Af þessum 24 konum voru 3 af sænska þjóðar-flokknum, tvær af ung-finska-flokknum, tvær af gamal-finska-flokknum og 17 af jafnaaðrmanna-flokknum. Af bændaflokknum komst engin kona að. Af þessum konum eru ýmsar endurkosnar. Sumar þeirra hafa jafnvel setið altaf á þingi síðan 1907. Þektastar eru þær, dr. phil. Jenny af Forelles, dr. phil. Tekla Hulten, frk. Annie Furnhjelm, (fyrv. ritstýra Nútíðar, og 2. varaformaður í Alþjóða-Kvenréttindafélagi kvenna), skólastýra Lucina Hagman og eftirlitsmaður atvinnumálanna frk. Vera Hjelt. Sömuleiðis er ristýra vinnukvenna-blaðsins í Helsingfors, Miina Sillanpaa, ein af þeim þingkonum, sem komst á þing 1907, og síðan hefir þar jafnan átt sæti. Hún er valin af jafnaðarm.fél.

Mjög eru finskar konur leiðar yfir því, að ein af þeirra færustu konum, sem setið hefir á þingi síðan 1907, Dagmar Neovius, féll. Hún var á lista sænska flokksins, og er konunum, sem á Finnlandi eru, meiri hluti kjósendanna, kent um það, þótt þær gangi að kosningunum sameiginlega með karlmönnunum í pólitísku flokkunum.

En í grein um kosninguna, í finska kvennatímaritinu »Samtíð«, segir H. Westermark, að til þess, að koma konum að, verði þær að fjölmenna, því konurnar séu aðallega kosnar af þeim.

Í annari grein um kosningarnar er komist svo að orði:

»Er það ráðlegt, — skoðað frá kvennanna sjónarmiði — að setja upp á lista heila röð af kvennanöfnum, sem ekkert útlit hafa til þess, að komast að, eins og ung-finsku og gamal-finsku flokkarnir hafa nú gert? Er ekki hætt við, að þetta veiki áhugann hjá áhugasamari kven-kjósendunum þegar fram í sækir, og að það sýni áhugalausu-konunum og karlmönnunum, að konurnar séu ekki venjulega kosnar fyrir þingmenn, heldur hafðar að tálbeitu meðal þingmanna-efnanna«. — — —

Ömmurnar.

Hugleiðingar gamallar konu.

Því verður ekki neitað, að nútíma-konurnar halda æsku-útliti, og bæði andlegu og líkamlegu fjöri talsvert lengur, en fyrri kynslóðir kvenna. Ástæða þess er áreiðanlega sú, að nútíðarkonurnar taka meiri þátt í öllum áhugamálum, sem efst eru á baugi en fyrri tíma konurnar, og þekkja því ekki þá dauða-mollu, sem ömmurnar okkar urðu að lifa í.

Agætt dæmi um eina slíka andlega og líkamlega lifandi gamla konu, sem hefir haldið sér sí-ungri er þýzki rithöfundurinn *Hedvig Dohm.* Þegar hún, nú fyrir 2 árum, varð 80 ára gömul, þá ritaði hún þessar hugleiðingar sínar um ömmurnar, sem Kv.bl. tekur hér upp, sem nokkurskonar athugasemd við almælisdaginn.

* * *

»Hugmyndirnar um ömmurnar þurfa endurskoðunar við, því nú á dögum eru margar ömmur blómlegar útlits, sem gjarna vilja njóta lífsins í fullum mæli, og með fullum lífskröftum.

Hæfileikarnir til að halda sér ungum, eru

sprottnir af ýmsum ástæðum bæði ytri og innri. Ytri ástæðurnar eru augljósastar. Fyrst og fremst heilbrigði, sem við gamla fólkið getum notið með því, að færa oss réttilega í nyt allar hinar góðu visindalegu heilbrigðisreglur, og nota krafta okkar skynsamlega. En æskan fer all-oft gálauslega með þá. Og jafn-áríðandi er það, að vér æfum stöðugt krafta vora og hæfileika. »Sá, sem hvílist, ryðgar«, er sannur málsháttur, ef það er gert um of.

Undir ytri ástæðurnar heyrir það líka, að við gamla fólkið tökum eftir útliti okkar. — Gamalt fólk ætti að vera enn þá umhyggjusamara um klæðnað sinn, en unga fólkið, og aldrei vera í fötum, sem eru litlaus og leiðinleg. Sjötugt fólk getur líka verið fallegt í sjón. Ekki er heldur sama, hvernig það heimili er, sem gamla fólkið lifir á. Það á ekki að lítilsvirða fallega sterka liti, sem gera skapið létt og sálina glaða.

Í íbúðarherbergjum mínum eru allir legubekkir og stólar dökkrauðir, og fyrirhengin með mjúkum. gyltum litum. Gólfdúkurinn er hlýlega grænn, og blóm í öllum vösum og blómkrukkum.

En samt eru þessar ytri ástæður ekki aðalatriðið, þegar tekið er tillit til kringumstæðna þeirra, sem verða til þess, að aftaka eða breyta hinni venjulegu skoðun manna á gamla fólkinu. Ungir og áhrifagjarnir skapsmunir þurfa svefn. Við gamla fólkið þurfum fremur að halda okkur vakandi. Vetrarvist upp til fjalla og við sjó er líka tízka nú á dögum. Við gamla fólkið þurfum nýja vegi fyrir anda okkar, þar sem nútímans sterki hressandi stormur blæs í gegnum oss, í stað þess, að steingervast í breytingarlausri logn-mollu, í þreytulegu kjarkleysi og elli-lasleika. Þess konar vetrar-heilsuhæli þurfum við gamla fólkið.

Þegar dimmir kveikjum við ljós. Nýjar, ungar hugsanir eru það ljós, sem reka hinar gamalhrumu rökkurs-hugsanir á flótta. — Það er gott lyf gegn kölkun sálarinnar.

Til þess að halda sér ungum, verða menn að kunna að velja umhverfi sitt, samvistamenn, gesti og bækur skynsamlega. Ekkert er gömlum of gott. Gamalt fólk á ekki einungis að vera með frændfólki og eldgömlum vinum, því þeim hættir jafnan til, að hlynna að elli þeirra með háll-aumkandi elskuverðri umhyggju. En með því að sýna, að menn áliti fólk gamalt, gera menn það gamalt. Og finnum við, að fólk áliti okkur ellihrum, þá hefir það áhrif á ímyndun og tilfinningu okkar. Við förum að sjá okkur sjálf með annara augum, og missum kjarkinn og viljann til þess að lifa.

Auðvitað eigum við einhverntíma að deyja. En að grafa sig lifandi með fullu lífsfjöri í líkamanum, er það allra versta, sem við getum gert. Lífið flýr okkur þá fyrst, þegar við flýjum það. Elskið lífið, verndið það og varðveitið, þá mætið þið aftur hlýrri vinsemi og æsku alstaðar. Og þið haldið skaplyndi ykkar sí-ungu og heilbrigðu«.

Cato og konurnar í Róm.

Eftir ósigrana í 1. Púnverska stríðinu, þegar rómverska þjóðin var í fjárkröggum, þá var konum bannað að bera skrautklæði; hvorki bera gullskraut né keyra í vögnum. Meðan á stríðinu stóð, létu þær gripi sína af hendi til herkostnaðar. Þegar friður var kominn á, vildu þær fá sín gömlu réttindi, og hættu að hlýða lögunum. Þegar yfirvöldin létu það ekki viðgangast, heimtuðu þær, að lögin væru numin úr gildi. Málinu var skotið undir lýðfundina, og með því konurnar höfðu ekki fremur þá en nú pólitískan atkvæðisrétt, þá gerðu þær alt, sem í þeirra valdi stóð, til að telja um fyrir karlmönnunum. Þær söfnuðust saman í fylkingar, fylktu sér fyrir veginn, að »*Forum*«, og sárbændu karlmennina um, að láta sig fá aftur þessi gömlu réttindi. Um tíma var þetta kvenréttindamál miðdepillinn í pólitiska lífinu í Róm. Há-markinu nær þessi barátta fyrst, þegar Cato, hinn frægi og málsnjalli ræðismaður Rómverja, rís upp á móti krófum kvennanna. Það er ekki óhófið sjálft, sem hann fæst svo mikið um í þetta sinn. Fyrir honum er þetta einungis valda-spurning: Eiga karlmenn einir að vera herrar á heimilinu og í ríkinu, eins og ætíð áður, eða á sjálfdæmi þeirra að ganga úr greipum þeim?

Cato eggjar karlmennina lögeggjan og skýtur málinu til valdafýknar þeirra: konurnar eigi bara að eiga alt þetta undir góðvilja manna sinna, en ekki blanda sér í opinber mál. »Hvar eru annars takmörkin fyrir velsæmi? Það hefði átt bezt við, að þið hefðuð verið kyrrar heima og ekki farið að skifta ykkur af því, hvaða lögum hér væri lýst eða aflýst. — Forfeður vorir lögbuðu, að konur ættu ekki að taka sér neitt slíkt fyrir, ekki einu sinni það, sem sjálfa konuna snerti. Hún væri algerlega á valdi föðursins, mannsins og bróðursins. Nú eru aðrir tímar. Ef guðirnir bægja ekki slíkri ógæfu frá, þá lítur út fyrir, að við verðum möglunarlaust að þola, að konur fari að taka þátt í ríkisstjórn, kosningum og þjóðþingum. — Það sem þær sækjast eftir, er takmarkalaust frelsi, eða satt að segja: takmarkalaust óstjórnar-æði. Ef þær

sigra í þessari baráttu, þá fá þær kjark til að halda lengra. Látum oss lesa í gegn allar þær laga-ákvarðanir, sem forfeður vorir gerðu kvenna vegna, til þess að geta ráðið við þetta sjálfræðis-æði kvenna, og neytt þær til að vera karlmönnum undirgefnar. Þá munuð þér finna, að þótt þessar skoðanir hefti þær, þá eigið þér fult í fangi með, að ráða við þær. Hvernig ætli að færi fyrir oss, ef þér leyfið þeim að plokka laga-ákvarðanirnar í sundur hverja á fætur annari, og síðan þegar þær hafa snúið vopnið úr höndum yðar, þá eru þær orðnar yðar jafningjar? Haldið þér, að þér þolið það? Sannarlega, á sömu stundu, sem þær verða yðar líkar, þá verða þær yðar herrar«.

Það er óvíst, hvaða áhrif þetta ágæta sýnishorn af afturhaldssamri mælsku hefði haft, ef einn af alþýðu-foringjunum hefði ekki gert sig að verjanda kvennanna. Hann sýndi fram á, hvernig konurnar hefðu ætíð verið fúsar, að fórna öllu á hættu og neyðartímum, í þarfir föðurlandsins. Og í öðru lagi létu konurnar ekki sitja við orðin tóm, heldur settu þær hart á móti hörðu: þær settust um húsið, sem þeir tveir alþýðuforingjar bjuggu í, sem ráðið gátu úrslitum atkvæðanna, og fóru ekki þaðan fyrri, en þeir höfðu slakað til og heitið konunum atkvæði sínu:

Honni soit qui maly y pense!

Tvenns konar konur.

(Þýtt úr sænsku).

Dyrabjallan hringdi og Berger hersir leit óánægjulega upp frá bókinni, sem hann var að lesa í.

Haustsólin streymdi inn í fallegu stofuna hans, glóðin í ofninum breiddi milda hlýju út í herbergið, og bókin var mjög skemtileg. Hersirinn vildi alls ekki láta trufla sig með heimsóknum.

Hann heyrði þrammandi fótatakið gömlu ráðskonunnar sinnar fram í fordyrinu, heyrði þegar hún lauk upp húsdyrunum, og að ungleg stúlkurödd sagði þýðlega:

»Góðan daginn, kæra gamla, Soffía mín! Það er heil eilífð síðan, að eg var hérna síðast, en nú ætla eg að staldra við, og bíða eftir kaffinu, og Soffía verður endilega að hafa eitthvað gott með því handa mér«.

Það hýrnuðu brýrnar á hersinum. Hann lagði vindilinn frá sér, strauk hvíta skeggið sitt til hliðar, og lauk upp stofudyrunum.

»Gunnivi, það var óvænt ánægja! Velkomin, telpa mín. Þarna hefir þú þá loksins munað eftir því, að þú ættir enn þá hann gamla afa þinn á lífi«.

Gunnivi Berger hló. Fór svo úr kápu, og tók af sér hattinn, og kysti svo gamla manninn innilega.

»Finst þér, afi minn, að eg hafi vanrækt þig? Reyndar er langt síðan eg kom seinast, en þú veizt, hvað mikið eg hefi að gera«.

»Fyrir alla muni, vertu ekki að afsaka þig, Gunna mín. Þú veizt, að eg geri engar kröfur«.

»Nei, og þess vegna þykir mér líka svo óttalega vænt um þig, afi minn. Þú ert svo ólíkur öllum öðrum«.

»Öllum gömlum körlum, áttu við. Jæa, seztu nú niður, telpa mín og segðu mer svo frá því, sem á dagana hefir drifið núna síðast fyrir þér«.

»En hvað hér er vistlegt og viðkunnanlegt hjá þér, afi minn«. Gunnivi settist í lágan ruggustól og leit í kringum sig í öllu herberginu. »Eiginlega skil eg ekki, að eg skuli ekki koma til þín á hverjum degi, fyrst eg nýt þess æfinlega svo mikið, að heimsækja þig«.

»Hm! — Þér fyndist það ef til vill ekki jafn skemtilegt, ef þú kæmir oft. En hverju á eg nú að þakka þessa ánægju í dag?«

»Því skyldi það svo sem þurfa að vera nokkuð sérstakt. Manstu, afi minn, eftir því, þegar eg var dálítil stelpa? — Svona fyrir svo sem átta eða tíu árum síðan?«

»Ó-já! Fyrir mér hafa árin víst liðið hraðara en þér, síðan«.

»Veistu, að mér fanst ætíð, að enginn gæti útskýrt alt svo vel fyrir mér, eins og þú. — Pabbi hló að spurningum mínum, og það særði mig, þótt hann síðan byðist til að segja mér það, sem eg spurði að. Helena frænka mín, hélt alt af siðalærdómsræður yfir mér, og því reiddist eg. En þú varst alt af svo vænn og vinalegur, og mundir alt af eftir, að eg væri móðurlaus«.

»Eg reyndi að minsta kosti til þess«, sagði hersirinn, og leit hýrlega á unga andlitið, sem alt í einu var orðið viðkvæmt og alvarlegt.

»Já, og það skildi eg, svo lítil sem eg var. Því leitaði eg líka helzt til þín með allar mínar áhyggjur«.

»Og einhverjar slíkar áhyggjur eru þá líka ástæðan til þessarar heimsóknar þinnar í dag, eða er ekki svo? Og þú vilt, að eg hjálpi þér? Eg verð líklega að reyna það, ef þú bara segir mér, hvað það er«.

Gunnivi sat hugsandi og hljóð og horfði ofan í gaupnir sér. Svo leit hún beint framan í hersirinn og sagði hægt og seint, eins og hún hefði lengi hugsað um torskilið efni:

»Eg skal segja þér nokkuð, afi minn, það er svo óttalega örðugt, að vera ung stúlka«.